

**50. fundur sveitarstjórnar haldinn að Hlíðavegi 6,  
8. febrúar 2017 og hófst hann kl. 09:15**

**Fundinn sátu:**

Yngvi Ragnar Kristjánsson oddviti, Sigurður Böðvarsson varaoddviti, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir aðalmaður, Friðrik K. Jakobsson aðalmaður, Helgi Héðinsson aðalmaður og Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri

**Dagskrá:**

**1. Lögreglusamþykkt: Endurskoðun - 1612020**

Lögð fram tillaga að nýrri lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélagið Skútustaðahrepp til fyrri umræðu í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að á milli umræðna verði lögreglusamþykktin birt á heimasíðu hreppsins og óskað eftir athugasemdum frá íbúum Skútustaðahrepps. Sveitarstjórn vísar tillögunni að öðru leyti til síðari umræðu sveitarstjórnar.

Fundarhlé gert kl. 11:00 til 13:00.

**2. Staða fráveitumála - 1701019**

Í júní 2016 lagði vinnuhópur fram skýrslu að ósk þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra með lykilupplýsingum um ástand mála í Mývatni, orsakir þess vanda sem þar er nú við að etja og hugsanlegar aðgerðir til að bæta þar úr, m.a. á sviði fráveitumála. Tilgangur samantektarinnar er liður í ákvarðanatöku varðandi mögulegar aðgerðir sem gætu komið að gagni til að draga úr álagi af manna völdum á lífríki vatnsins. Í 1. gr. laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár segir m.a. að markmið laganna sé að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxárvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum. Jafnframt segir í 9. gr. að kostnaður við framvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Sveitarstjóri, oddviti og sveitarstjórnarfulltrúi hittu nýjan umhverfis- og auðlindaráðherra, stofnanir, þingmenn og fleiri í síðustu viku til þess að fylgja málinu eftir og fara yfir stöðu fráveitumála við Mývatn. Nýr umhverfis- og auðlindaráðherra lagði fram fyrstu drög að nýrri úttekt á vegum ráðuneytisins á núverandi stöðu og tillögur að úrbótum. Ljóst er að stofnkostnaður við innleiðingu aukinnar skólphreinsunar svo ákvæði reglugerða um verndun Mývatns og Laxár og um fráveitur og skólp verði uppfyllt hleypur á hundruðum milljóna.

Sveitarstjórn leggur áherslu á aðkomu ríkisins að málinu enda er það sveitarfélaginu fjárhagslega um megn að kosta þær skólphreinsunarframkvæmdir sem reglugerðin kveður á um að þurfi að fara í.

**3. Upplýsingagjöf til ferðamanna - 1612032**

Líkt og kom fram í bókun sveitarstjórnar á síðasta fundi 24. janúar síðastliðinn leggur sveitarstjórn áherslu á að upplýsingagjöf til ferðamanna í Mývatnssveit verði fram haldið í ljósi breytinga hjá Mývatnssstofnu ehf. Sveitarstjóri og oddviti fóru yfir stöðu mála eftir fundi m.a. með Umhverfisstofnun, Vatnajökulsþjóðgarði og framkvæmdastjóra Ferðamálastofu og er fullur vilji hlutaðeigandi að finna lausn á málinu.

**4. Skútustaðahreppur: Fasteignir - 1701022**

*CPRK*

Lagt fram kauptilboð frá Tryggva Hólmi Ámasyni í Helluhraun 10 og skýrsla HNE um Helluhraun 18.

Vegna nýrra gagna samþykkir sveitarstjórn samhljóða að hætta við sölu á Helluhrauni 10 og hafna tilboðinu. Jafnframt samþykkt samhljóða að setja Helluhraun 18 á sölu.

Samþykkt samhljóða að veita sveitarstjóra og oddvita umboð til að selja Helluhraun 18 samkvæmt verðmati fasteignasala.

**5. Skýrsla sveitarstjóra - 1611024**

Sveitarstjóri fór yfir og lagði fram skýrslu um helstu verkefni frá síðasta sveitarstjórnarfundum. Skýrslan verður jafnframt birt á heimasíðu sveitarfélagsins.

**6. Umhverfisnefnd: Fundargerðir - 1611036**

Fundargerð frá 5. fundi umhverfisnefndar frá 23. janúar 2017 lögð fram.

Fundargerðin er í fjórum liðum.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

**7. Héraðsnefnd Þingeyinga: Fundargerðir - 1611030**

Fundargerð frá 2. fundi framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs. lögð fram. Fundargerðin er í fjórum liðum.

Liður 2: Erindisbréf barnaverndarnefndar og liður 3: Ráðgjafarsamningur um félags- og skólalátnustu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skipuð verði sameiginleg barnaverndarnefnd aðildarsveitarfélaga Héraðsnefndar Þingeyinga bs. á grundvelli 3. mgr. 10. gr. barnavemdalaða nr. 80/2002, sbr. bókun fulltrúaráðs byggðasamlagsins 18.

nóvember 2016 og bætist svohljóðandi liður við verkefnalista 3. gr. stofnsamnings byggðasamlagsins: "Barnaverndarnefnd skv. barnavemdarlögum nr. 80/2002."

Um frekari útfærslu er vísað til erindisbréfs fyrir nefndina sem framkvæmdastjórn byggðasamlagsins hefur samið í umboði fulltrúaráðsins.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

**8. Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra: Fundargerðir - 1611012**

Frestað.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:30**

Gyngi R. Kristjánsson

Helgi H.

Johnna F. Þorhallsdóttir

Þorgerður

Ylva

Sigrún